



Sprengjugengi Háskóla Íslands er gestgjafi EuroScienceFun-efnafræðisýningarinnar sem stóð hér á landi í fimm daga og lauk á laugardag. Hér má sjá þegar djúpfrystur banani er sprengdur í loft upp með tilheyrandi eldglæringum og hvelli. Markmið sýningarinnar er að efla áhuga ungmenna á efnafræði og raunvísindum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Engin ákvörðun um kosningadag

STJÓRN MÁL Nákvæm tímasetning kosninga til Alþingis ræðst af vilja stjórnarandstöðunnar til samstarfs, að sögn Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins.

Bjarni vill ekki koma stjórnarflokkunum í tímaþröng með því að ákveða tímasetningu á kosningar.

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins kom saman til fundar í gær. „Það kemur til álita að kynna frumvarp til fjárlaga og ganga svo til kosninga,“ segir Bjarni. – [sa / sjá síðu 4](#)

Fundur á heitu vatni vekur vonir á Höfn

ORKUMÁL „Heitt vatn hefur alls staðar verið talið mikil gæði og svo er einnig hér,“ segir Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Hornafjarðar, um fund á heitu vatni við Hoffell.

Niðurstöður úr borun rannsóknarholu við Hoffell lofar mjög góðu. Tókst að bora niður á tvær heitar vatnsæðar en á síðustu árum hafa rannsóknir staðið yfir í þeirri von að nægjanlegt magn af heitu vatni finnist til reksturs hitaveitu fyrir Höfn. Upphaf jarðhitaleitar við Horna-

Heitt vatn hefur alls staðar verið talið mikil gæði og svo er einnig hér.

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri Hornafjarðar



fjörd má rekja aftur til ársins 1992. „Endanleg afkastageta holunnar verður ekki ljós fyrr en eftir blástursmælingar sem fram fara á næstu dögum og prufudælingu úr holunni,“ greinir RARIK frá.

Vonast er til að á svæðinu finnist nægjanlegt heitt vatn til að anna húshitunarþörf á Höfn. Björn Ingi bæjarstjóri segir óljóst hverju hitaveita gæti skilað fyrir íbúana. „En við reiknum með að það verði umtalsvert til lengri tíma lítið,“ segir hann. – [shá / sjá síðu 4](#)

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Árni Páll Árnason skrifar um nýtt upphaf. **11**

SPORT Haukar og Grindavík mætast í oddaleik í kvöld. **12**

TIMAMÓT Sveinn Rúnar hættir eftir 25 ár sem formaður félagsins Íslands – Palestína. **14**

LÍFIÐ Iona Sjöfn hannar teppi sem endurspeglar mjúkar hreyfingar sofandi manns. **20**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ

**GERÐU
HEMILNA
KLÁRT**

Ljósleiðari hjá Nova!


100 ^{GB}		1.000 ^{GB}	
Netið hjá Nova	3.990 kr.	Netið hjá Nova	5.990 kr.
Gagnaveitan, aðgangsgjald	2.580 kr.	Gagnaveitan, aðgangsgjald	2.580 kr.
Leiga á beini	690 kr.	Leiga á beini	690 kr.
Samtals:	7.260 kr.	Samtals:	9.260 kr.
Hver 100 ^{GB} umfram: 990 kr.		Hver 100 ^{GB} umfram: 990 kr.	

Stærsti skemmtistaður i heimi!

NOVA

Skráðu þig í Ljósleiðara hjá Nova á nova.is í þjónustuveri Nova eða í næstu Nova verslun.

Veður



Góðviðri verður á landinu í dag. Fremur hæg vestanátt og víða létt-skýjað, en skýjað vestanlands. Hiti 3 til 10 stig yfir daginn. **SJÁ SIÐU 16**



Höfnin í Stykkishólmi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Lést er bifreið fór í höfnina

LÖGREGLAN Karlmaður á fimmtugsaldri lést er bíll hafnaði í höfninni í Stykkishólmi um klukkan hálf tíu á laugardagskvöld. Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, var látinn er björgunarmenn komu á vettvang. Lögreglan á Vesturlandi sér um rannsókn á tildrögum atviksins og hefur ekkert gefið út um orsök þess að bíllinn endaði í höfninni. – gfs



Andri Snær Magnason.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Andri Snær fer í forsetaframboð

STJÓRNMÁL Rithöfundurinn Andri Snær Magnason hefur ákveðið að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands og hefur af því tilefni boðað til fundar klukkan fimm í dag.

Andri Snær sagðist í samtali við Fréttablaðið í janúar síðastliðnum telja að forseti Íslands þyrfti að vera jákvæður gagnvart evrópsku samstarfi. „Mér finnst að forsetinn þurfi að vera mjög jákvæður gagnvart Evrópu. Ekki endilega hvað varðar að ganga í Evrópusambandið,“ sagði Andri Snær í janúar. – sks

Svaðilför í Holtsósi



Fjórir kajakræðarar komust í hann krappan í Holtsósi undir Eyjafjöllum síðdegis í gær. Er fyrstu björgunarmenn komu á staðinn var einn kajakræðarinn kominn í land og var hinum þremur bjargað úr sjónum. Mennirnir voru allir mjög kaldir. MYND/JAROSLAW GANIEC

Samherji byggir upp á Dalvík

DALVÍK Samherji áformar að reisa nýtt hátækniþrýstihús á Dalvík á komandi misserum og með því styrkja enn fremur landvinnslu sína í sveitarfélaginu.

Porsteinn Már Baldvinsson, forstjóri og einn eigenda Samherja, tilkynnti þessi áform á árshátíð Samherja á Akureyri um helgina.

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, formaður byggðaráðs Dalvíkurbyggðar, fagnar áformum Samherja og segist vilja gera allt sem í hans valdi stendur til að hjálpa til við uppbygginguna. Samherji sé hryggjarstykkið í atvinnulífi Dalvíkinga.

„Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur öll að Samherji vilji halda áfram að byggja upp á Dalvík enda hryggjarstykkið í atvinnulífinu og afleiðd störf mjög mörg. Ég mun gera allt sem ég get til að styðja við þessi áform í sveitarstjórn,“ segir Gunnþór. – sa



Porsteinn Már Baldvinsson,
forstjóri og einn
eigenda Samherja

Fá milljónir á mánuði en eftirspurnin er lítil

Fjögur pláss eru fyrir unglunga í Háholti í Skagafirði þar sem sérhæfð hegðunar- og vímuefnamedferð er í boði. Að meðaltali dvelja eingöngu 2,5 unglingar á heimilinu. Háholt er með 400 milljóna króna samning við velferðarráðuneytið.

HEILBRIGÐISMÁL Að meðaltali dvöldu 2,5 unglingar á meðferðarheimilinu að Háholti í Skagafirði árið 2015. Gert er ráð fyrir að heimilið geti tekið við fjórum í einu. Velferðarráðuneyti framlengdi samning við meðferðarheimilið í október 2014. Samningurinn hljóðar upp á rúmar 400 milljónir króna.

„Í Háholti er, samkvæmt nógildandi þjónustusamningi, gert ráð fyrir fjórum plássum en eftirspurn barnaverndarnefnda hefur ekki verið meiri en að ofan greinir,“ segir í svari Barnaverndarstofu við fyrirspurn um fjölda einstaklinga sem dvalið hafa á heimilinu síðustu ár.

Þrátt fyrir minnkandi eftirspurn hafa fjárframlög hins opinbera til rekstraráðila Háholts ekki breyst.

Gerður var samningur milli velferðarráðuneytisins og Háholts árið 2014.

„Vegna samningsins greiðir ríkissjóður þann kostnað sem ætlað er að standa undir þjónustu og kröfum þessa samnings, samtals 11.148.350 krónur á mánuði,“ segir í fyrnefndu svari.

Í samningnum eru einnig ákvæði um að fjárhæðin skuli taka breytingum á þriggja mánaða fresti eftir launavísitölu og vísitölu neysliverðs. Ekki er gert ráð fyrir lækkingu framlaga ef börn eru fá á heimilinu.

Meðferðarheimilinu er ætlað að veita sérhæfða meðferð og gæslu unglungum sem eiga við alvarlega hegðunarröskun, afbrotahæðun og vímuefnavanda að stríða. Þá eiga unglingar líka að geta afplánað fangelsisdóma á Háholti.

Á samningstímanum fá rekstraradilar um 400 milljónir hið minnsta til að reka meðferðarheimilið þrátt fyrir minnkandi eftirspurn barnaverndarnefnda eftir úrræðinu.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að Barnaverndarstofa hafi átt í ítarlegum viðræðum við ráðuneytið áður en



Meðferðarheimilið Háholt í Skagafirði er með þjónustusamning við velferðarráðuneytið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á sínum tíma kom fram að við töldum skynsamlegra að fara aðra leið. Að öðru leyti get ég lítið tjáð mig,“ segir Bragi.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu



komist var að niðurstöðu. „Á sínum tíma kom fram að við töldum skynsamlegra að fara aðra leið. Að öðru leyti get ég lítið tjáð mig,“ segir Bragi.

Bygging sérstaks heimilis á höfuðborgarsvæðinu er í vinnslu að sögn Braga.

„Nú hefur það gleðilega gerst að ráðuneytið hefur fallist á þetta. Þessi stofnun er í undirbúningi en það tekur mikinn tíma,“ segir hann.

Í ljósi þessa segist forstjóri Barnaverndarstofu halda að ráðuneytið líti á samninginn sem bráðabirgðalausn. sveinn@frettabladid.is

NÁTTÚRULEGT VERKJAGEL



Öflug hita- og
kælimeðferð

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir, Fjarðarkaup og Þín verslun Seljabraut



Way of Life!

SUZUKI SWIFT

GERIR LÍFIÐ OG SUMARIÐ SKEMMTILEGRA

KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN!



Suzuki Swift er meðal vinsælastu bíla á Íslandi undanfarin ár enda mjög sparneytinn og með einstaklega skemmtilega aksturseiginleka. Hann er fánlegur beinskiptur, sjálfskiptur og einnig fjórhjóladrifinn beinskiptur.

Meðal staðalbúnaðar eru vönduð hljómtæki með sex hátölurum, USB tengi, ESP stöðugleikakerfi, sjö öryggisloftþúðar, hiti í sætum og loftkæling.

Suzuki Swift
VERÐ FRÁ
2.280.000.



SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Skip HB Granda víkja úr höfninni á Akranesi fyrir tókuliði Fast 8

KVIKMYNDIR Uppsjavarskipum HB Granda, Venusi NS og Víkingi AK, var siglt frá Akranesi til hafnar í Reykjavík til að rýma fyrir tókuliði Fast 8 – en skipin hafa legið við bryggju á Akranesi frá því að loðnuvertíð lauk.

Akraneshöfn og Sementsverksmiðjan í bænum eru þeir tókustaðir sem taka við af rómuðu umhverfi Mývatns þar sem tókum er lokið.

Áð sögn Karls Sigurjónssonar, skipaefirlitsmanns HB Granda á Akranesi, í frétt á heimasíðu fyrirtækisins, hefur hann verið



Venus NS og Víkingur AK komnir í höfn í Reykjavík. MYND/HB GRANDI. KRISTJÁN MAACK

í sambandi við forsvarsmenn True North, sem hefur haft veg og vanda af undirbúningi vegna tóku myndarinnar hárlandis frá því um miðjan desember.

Áður en haft var samband við HB Granda vegna skipanna í höfninni var True North búð að setja sig í samband við bæjarstjórn á Akranesi vegna tóku myndarinnar í byggingu Sementsverksmiðjunnar. Þá verða upptökur einnig á hafnar-svæðinu. Þær hefjast 14. apríl og eiga að taka tvo daga. Síðan eru aðrir tveir dagar ætlaðir fyrir tókur í Hvalfirði, segir Karl, en að hans

sögn voru Venus og Víkingur einfaldlega of stór skip fyrir leikmyndina á hafnar-svæðinu og þurftu því að víkja.

Fyrst var rætt um að Lundey NS, sem liggur í höfninni, viki einnig en sú ósk var síðan dregin til baka. Bjarni Ólafsson AK er einnig í höfninni en hann virðist ekki vera fyrir kvikmyndagerðarmönnum, segir Karl.

Alls munu um 300 manns koma að upptöku Fast 8 á Akranesi og því má búast við að bæjarbragurinn breytist verulega eftir rúma viku, segir í fréttinni. – shá



Kristin Soffia Jónsdóttir, formaður stjórnar Faxaflóahafna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vilja skógrækt á Grundartanga

UMHVERFISMÁL Stjórn Faxaflóahafna segist reiðbúinn í samstarfi við ELKEM Ísland ehf. og Silicor Materials um þá hugmynd „að ráðist verði í verulega skógrækt á Grundartanga“, segir í fundargerð stjórnarinnar.

„Hugmyndin felst í samstarfi þessara fyrirtækja, Hvalfjarðarsveitar, Kolvíðs, Festu og Faxaflóahafna,“ segir hafnarstjórninn sem seur það skilyrði að Hvalfjarðarsveit heimili áformin og sé tilbúin til í samstarfs. Jafnframt á að gera úttekt á skógrækt á Grundartanga. Um 36 hektara asparskógur sé þar frá því á árum áður. – gar

Þróunarfé notað í atkvæðaveiðar

SVÍÞJÓÐ Sænsk stjórnvöld hafa notað fé ætlað til þróunarástodar í baráttu fyrir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Dagens Nyheter segir að 27 sendiherrum eyríkja og fátækra landa hafi verið boðið til Svíþjóðar á kostnað sænskra yfirvalda á ráðstefnu um loftslagsmál en eiginlegur tilgangur hafi verið að afla Svíþjóð atkvæða. Reikningar upp á tugi milljóna íslenskra króna voru síðan sendir til minningarsjóðs Dags Hammarskjöld sem fengið hefur styrki til þróunarástodar. – ibs

Hittu á lofandi heitavatnsæðar

Við rannsóknarboranir við Hoffell í Hornafirði fundust heitar vatnsæðar á miklu dýpi. Ekki útilokað að 25 ára leit skili nægu vatni fyrir hitaveitu á Höfn. Bæjarstjórnin segir ávinninginn augljósan ef allt gengur upp.

ORKUMÁL Niðurstöður úr borun rannsóknarholu við Hoffell í Hornafirði lofa mjög góðu. Tókst að bora niður á tvær heitar vatnsæðar en á síðustu árum hafa rannsóknir staðið yfir í þeirri von að nægjanlegt magn af heitu vatni finnst til reksturs hitaveitu fyrir Höfn í Hornafirði.

Það er á vegum RARIK sem leitað er jarðhita við Hoffell, en borun á nýjustu rannsóknarholunni hófst í febrúar síðastliðnum. Þar er haldið áfram með verkefni frá haustinu 2015 þegar boraðar voru tvær 500 metra djúpar holur í þeim tilgangi að prófa tilgátu um gerð og stærð jarðhitakerfisins sem byggir á enn eldri forathugunum – en upphaf jarðhitaleitar við Hornafjörð má rekja aftur til ársins 1992 og hefur staðið með hléum síðan, eins og greinir frá í gögnum Íslenskra orkurannsóknna (ÍSÖR) sem stýrt hafa rannsóknum fyrir RARIK á allra síðustu árum.

RARIK greinir frá því að borað hafi verið niður undir 1.100 metra dýpi og er hiti í botni holunnar rúmar 80 gráður. „Þegar komið var niður fyrir 850 metra fundust æðar sem flest bendir til að gefi nokkurt vatnsmagn, en það kemur ekki í ljós fyrr en borun er lokið og búð er að mæla holuna. Reiknað er með að hætta borun fljótlega og hefja mælingar. Endanleg afkastageta holunnar verður ekki ljós fyrr en eftir blástursmælingar sem fram fara á næstu dögum og prufudælingu úr holunni, sem taka mun nokkrar vikur.“

Vonast er til að á svæðinu finnst nægjanlegt heitt vatn til að anna húshitunarþörf á Höfn í Hornafirði, eins og áður sagði.

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri



Borað var niður á 1.100 metra dýpi við Hoffell og fannst um 80 gráðu heitt vatn. MYND/RARIK

Heitt vatn hefur alls staðar verið talið mikil gæði og svo er einnig hér.

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri Hornafjarðar



Hitaveita hjá 90% landsmanna

- Um 90% landsmanna hafa aðgang að jarðhita til að kynda hús sín.
- Íbúar þeirra svæða sem ekki hafa aðgang að jarðhita og kynda hús sín með raforku eða öllu njóta niðurgreiðslna á húshitun.
- Aðildarsveitarfélög Sambands sveitarfélaga á köldum svæðum eru í dag 25 talsins.

Heimild: SSKS

sveitarfélagsins Hornafjarðar, er varkár í orðum spurður um þýðingu þessara niðurstaðna. Verkið sé á ábyrgð RARIK, en í síðustu viðræðum sveitarfélagsins við fyrirtækið hefði ekki verið ljóst hverju hitaveita myndi skila í hagræðingu fyrir heimilin í sveitarfélaginu.

„En við reiknum með að það verði umtalsvert til lengri tíma lítið. Heitt vatn hefur alls staðar verið talið mikil gæði og svo er einnig hér,“ segir Björn Ingi, sem hefur ekki rætt nýjustu niðurstöður rannsóknarborana við Hoffell við RARIK eða hvernig hlutirnir eru að þróast þessa dagana. svavar@frettabladid.is

MALLORCA Í VOR

Verð frá **69.900 kr.**

m.v. 2 fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi.

BROTTFARIR
10., 13., 17., 24. og 31 maí.

Innifalið: Flug, fararstjórn, gisting og taska

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 585 4000 | uu.is

Kynna jafnvel fjárlög fyrir kosningarnar

STJÓRN MÁL Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins kom saman í Valhöll í gær í framhaldi af nýju stjórnarsamstarfi þar sem farið var yfir aðdraganda nýrrar ríkisstjórnar og framhaldið rætt. Formaður Sjálfstæðisflokksins telur koma til álita að kynna frumvarp til fjárlaga í haust og ganga síðan til kosninga.

„Við ætlum ekki að setja sjálfa okkur í þrönga stöðu með að ákveða kosningar snemma ef menn láta verða af þeim hótunum um að ekkert einasta mál verði afgreitt á þingi,“ segir Bjarni Benediktsson og vísar þar í orð Róberts Marshall, þingmanns Bjartrar framtíðar, sem hótaði málþöfi í öllum málum á komandi vikum. „Það er engin ástæða til að ætla fyrirfram annað en að mál geti gengið eðlilega fyrir sig á þessi þingi.“

Bjarni segir ýmis rök fyrir því að við ljúka fjárlagavinnu áður en gengið er til kosninga.

„Ég skil vel að menn vilji fá svör núna en við viljum vera alveg opin



Samvinnuvilji stjórnarandstöðu ræður miklu um tímasetningu kosninga, segir Bjarni Benediktsson sem hér kemur til fundar í Valhöll í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

og hreinskilin með það að við erum einfaldlega að tala um kosningar í haust. Svör verða að ráðast af framhaldinu, meðal annars af samtali við stjórnarandstöðu um framgang

mála. Það kemur alveg til álita, til að tryggja ákveðna festu í stjórnkerfinu, að kynna frumvarp til fjárlaga í haust og síðan yrði gengið til kosninga,“ segir Bjarni. – sa



RÓM

Hotel Gioberti

Frá kr. 99.900

sértílböð
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.

28. apríl í 4 nætur.



Sértílböð

28. apr -2. maí

PRAG

Hotel NH Prague

Frá kr. 66.900

2fyrir1
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.

5. maí í 4 nætur



2fyrir1

5.-9. maí

LJUBLJANA

Hotel City

Frá kr. 65.900

2fyrir1
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.

13. maí í 3 nætur.



2fyrir1

5.-9. maí

BRATISLAVA

Hotel Falkensteiner

Frá kr. 63.900

2fyrir1
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.

5. maí í 4 nætur



2fyrir1

5.-9. maí

BÚDAPEST

Hotel Mercure Buda

Frá kr. 62.900

2fyrir1
Netverð á mann m.v. 2 í herbergi með morgunmat.

12. maí í 4 nætur



2fyrir1

12.-16. maí

Skipbrot í Suðurhöfum



Heppnin var með þremur mönnum sem höfðu beðið skipbrot við eyjuna Fanadik í Kyrrahafinu þegar eftirlitsflugvél frá bandaríska flughernum kom auga á skilaboðin „hjálp“ sem þeir höfðu myndað úr pálma-blöðum. NORDICPHOTOS/AFP/NAVY MEDIA CONTENT OPERATIONS/ENSIGN JOHN KNIGHT

Óheimilt að leigja íbúðir nema allir gefi samþykki

Héraðsdómur segir samþykki allra eigenda í fjölbýlishúsi þurfa til að heimilt sé að leigja út íbúðir í atvinnuskyni. Óvist er hvaða áhrif dómurinn hefur á atvinnurekstur í fjölbýlishúsum. Lögmaður segir umfang starfsemi skipta máli.

DÓMSMÁL Samkvæmt nýjum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur þarf samþykki allra eigenda í fjölbýlishúsi fyrir því að leigja út íbúðir í atvinnuskyni. Óvist er hvaða áhrif dómurinn hefur á allan þann fjölda íbúða sem leigðar eru út til ferðamanna.

Í dóminum hafði húsfélag nokkurra húsa í Skuggahverfinu stefnt hjónum sem leigja út þrjár íbúðir í húsunum í atvinnuskyni til ferðamanna.

Niðurstaða dómsins var sú að hagnýting þeirra á íbúðunum hefði haft svo verulegt ónæði, óþægindi og rökun í för með sér fyrir aðra eigendur í húsinu að sú hagnýting skyldi háð samþykki allra eigenda þess. Fjöldi eigna í umræddu húsunum er um 95.

Auður Björg Jónsdóttir, hæstaréttarlögmaður hjá JA lögmönnum, segir að í máli sem þessum vegist á tveir pólar, annars vegar réttur eigenda til að nýta eign sína og svo annarra eigenda í húsinu til að vera í friði.

Það liggur fyrir að ef þú breytir fasteign þá áttu að meginreglu að fá samþykki allra.

Auður Björg Jónsdóttir, hæstaréttarlögmaður



Hjólin höfðu stofnað félag um reksturinn og fram kom í dóminum að álagning fasteignagjalda hefði miðast við að um atvinnuhúsnæði væri að ræða. Dómurinn taldi einnig að hjólin nýttu íbúðirnar ekki lengur sem íbúðarhúsnæði, heldur atvinnuhúsnæði, og að það fæli í sér breytingu

á hagnýtingu eignarinnar í skilningi fjöleignarhúsalaga.

Auður telur að draga megi þá ályktun af dóminum að umfangið geti skipt máli. „Hér er ekki bara um eina íbúð að ræða heldur þrjár og auk þess hafa þau stofnað félag um reksturinn og borgað fasteignagjöld eins og um atvinnuhúsnæði væri að ræða,“ segir Auður og bætir við að í máli sem þessum sé nauðsynlegt að meta hvert tilvik fyrir sig.

Aðspurð hvort dómurinn gæti haft áhrif á annars konar atvinnurekstur í fjölbýlishúsum, til dæmis dagvistun barna, segir Auður að sú starfsemi sé einnig leyfisskyld og sé óumdeilanlega atvinnustarfsemi. „Þar er ekki talið að þörf sé á samþykki allra eigenda þó það feli í sér meiri umgang og starfsemi fylgi mögulega ónæði. Þá er það samt ekki nógu mikið til að það útheimti samþykki allra,“ segir Auður. thordis@frettabladid.is

CHAMBERLAIN®

Opnaðu
bílskúrinn
með appi.



Chamberlain hleypir þér inn

Chamberlain bílskúrshurðaopnarar eru sterkir, endingargóðir og traustir. Uppsetningin er einföld, þægileg og fljótleg. Það er hægt að fá framlengingar fyrir hærri hurðir. Chamberlain opnarar eru hljóðlátir, einnig fæst MyQ búnaður sem nettengir opnarann og þá má sjá hvort bílskúrinn sé opinn eða lokaður hvar og hvenær sem er í gegnum tölvu eða með sérstöku appi fyrir snjallsíma. Þá er hægt að opna og loka með sama appi.

Ef þú þarft bílskúrshurðaopnara eða það er kominn tími á endurnýjun, hafðu Chamberlain efst í huga. Öryggisins vegna.

Leiðbeiningar á íslensku fylgja



ENDURSÖLUAÐILAR:

Verslanir Byko | Verslanir Húsasmiðjunnar | Láshúsið, Bíldshöfða 16





Efnamiklum viðskiptavinum Landsbanka Íslands var beint til Landsbankans í Lúxemborg með peningana sína. Bankinn þar stofnaði svo félög fyrir viðskiptavinina, sem fólu í sér töluvert skattahagræði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Töluvert skattahagræði

Fléttan sem bankar buðu einstaklingum með stofnun aflandsfélaga er flókin. Fyrirverandi starfsmenn Landsbankans í Lúxemborg segja ekkert óeðlilegt við viðskiptin og fyrirverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins sagði þau í takt við tímann.

Snærós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



VIÐSKIPTI Efnameiri viðskiptavinum Landsbanka Íslands var fyrir hrun boðin eignastýringarþjónusta, eða einkabankþjónusta, sem meðal annars fólu í sér stofnun aflandsfélaga. Það hafði í för með sér skattahagræði þrátt fyrir að eignin væri skráð á skattframtal því reglur um hlutafélög giltu um félögin. Þannig þurfti eingöngu að greiða skatt þegar peningur var tekinn úr félaginu.

Málefni skattaskjola hafa líklega aldrei komist í jafn mikil hámmáli eins og síðustu daga vegna fjármála Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, Bjarna Benediktssonar og Ólafar Nordal. Komið hefur í ljós að öll átta þau félög á aflandssvæðum. Það er hins vegar vart fyrir leikmann að skilja um hvað málið snýst. Við setjum upp eftirfarandi dæmi til útskýringar:

Einstaklingur sem á tugi milljóna króna gengur inn í útibú Landsbanka Íslands í Austurstræti og óskar eftir aðstoð vegna peninganna. Ráðgjöf sérfræðinga bankans snýst um að hámarka arðsemina með fjárfestingum og viðskiptavinurinn er sammála því. Viðskiptavininum er beint til Landsbankans í Lúxemborg sem leggur til að stofnað verði félag á aflandssvæði svo viðskiptavinurinn þurfi einungis að „borga þá skatta sem nauðsynlegt er og enga óþarfa skatta“, eins og hátt settur starfsmaður gamla Landsbankans í Lúxemborg útskýrði fyrir blaðamanni. Félagið er svo eigandi banka-reiknings í bankanum í Lúxemborg



Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbanka Íslands, við opnun Landsbanka Íslands í Lúxemborg.

með sparnaði viðskiptavinarins eða verðbréfaeign. Peningarnir voru því aldrei bókstaflega færðir til Panama, Bresku Jómfrúaeyjanna eða annarra aflandssvæða, heldur héldu áfram að vera á reikningi í viðskiptabankanum. Eigandi reikningsins var einfaldlega ekki skráður með nafni heldur var félag hans skráð sem eigandinn.

Þetta fyrirkomulag var löglegt og þeir starfsmenn gamla Landsbankans í Lúxemborg sem Fréttablaðið ræddi við fullyrða að bankinn hafi ekki undir neinum kringumstæðum aðstoðað viðskiptavini við skattaundanskot.

Starfsmaður Landsbankans í dag fullyrðir hins vegar að margar leiðir hafi verið til skattaundanskota í gegnum félögin. Þegar kom að því að taka peninga út úr félaginu hafi til dæmis mátt mynda kröfu á félagið, jafnvel með persónulegri eyðslu, og þannig haft jafnvægi á milli skulda og eigna sem skilaði sér í lægri skattheimtu.

Leki gagna úr Panama-skjölunum sýnir skakka mynd af umfangi íslenskra viðskipta. Samkvæmt gögnum tengiast að minnsta kosti 600 Íslendingar um 800 aflandsfélögum, þar af tengdist Landsbankinn í Lúxemborg ríflega 400 félögum. Lekinn kemur aðeins frá lögfræðistofunni Mossack Fonseca, sem Fréttablaðið hefur heimildir fyrir að hafi meðal annars verið notuð af Búnaðarbankanum í Lúxemborg áður en Landsbanki Íslands keypti bankann.

Landsbankinn lánaði jafnframt fé inn í félögin, með veði í eignum þess. Þannig var komist hjá stimpilgjaldi.

Árið 1998 þegar Gunnar Þ. Andersen, fyrirverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, var starfsmaður Landsbankans hélt hann kynningu um aflandsfélög. Þar kom fram að kostir félaganna væru meðal annars útlán án stimpilgjalds, enginn fjármagnstekjuskattur og algjör bankaleynd.

„Það er útbreiddur misskilningur meðal almenning að offshore starfsemi tengist sjálfkrafa vafasömu fjármálavafstri, en offshore þjónusta er eðlilegur þáttur í vöru og þjónustuvali nánast allra virtra alþjóðlegra banka,“ segir í kynningunni. Ímynd aflandsviðskipta sé „frískleiki og í takt við tímann“.

Sérfræðipækning á fjölbreyttum þörfum fyrirtækja



Landsbankinn býður fyrirtækjum alhliða lausnir fyrir fjármál þeirra. Hjá okkur starfa tugir sérfræðinga um land allt sem sérhæfa sig í þjónustu við fyrirtæki í öllum helstu greinum atvinnulífsins.



Cameron birti framtöl sín vegna Panama-leka

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hefur opinberað skattaskýrslur sínar. Vangaveltur eru uppi um hvort Cameron hafi sleppt að greiða erfðaskatt. Ríkari kröfur eru á stjórnmalamenn en almenning um upplýsingagjöf.

BRETLAND David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, fékk 200 þúsund pund, eða 34 milljónir króna, í gjöf frá móður sinni á árunum 2014 til 2015, eftir að faðir hans dó.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skattaskýslum Camerons sem hann birti um helgina. Gögnin birti hann eftir að nafn föður hans kom upp í tengslum við Panama-lekann en faðir hans, Ian Cameron, átti félagið Blairmore Holdings sem var staðsett í skattaskjöldi.

Cameron hefur viðurkennt að hafa átt hlut í félaginu sem hann seldi áður en hann varð forsætisráðherra.

Vangaveltur eru uppi um hvort Cameron hafi sloppið við erfðaskatt fyrst féð barst honum sem gjöf.

Gögnin sem Cameron hefur opinberað ná aftur til 2009. Jeremy Corbyn, formaður Verkamanna-flokksins, kallar eftir því að Cameron opinberi gögn lengra aftur í tímann, frá því áður en hann varð forsætisráðherra.

„Við þurfum að vita hvað hann hefur greitt í skatt. Við verðum að vita af hverju hann kom fjármunum fyrir í skattaskjöldi og hvort hann hafi hagnast á því eða ekki fyrir 2010 áður en hann varð forsætisráðherra. Þetta eru spurningar sem við verðum að svara,“ sagði Corbyn í samtali við breska fjölmiðla í gær.

Corbyn ætlar einnig að birta sitt skattframtal á næstunni.

Margir í Bretlandi hafa bent á



David Cameron á í vök að verjast vegna upplýsinga um aflandsfélag föður síns. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Við verðum að vita af hverju hann kom fjármunum fyrir í skattaskjöldi og hvort hann hafi hagnast á því eða ekki.



Jeremy Corbyn, formaður Verkamanna-flokksins

á málinu svipi til mála af þessum toga meðal ráðherra í íslensku ríkisstjórninni. Eiríkur Bergmann stjórnmalafraeðiprófessor sagði í samtali við fréttastofu Bylgjunnar í

gær að mál Bjarna Benediktssonar og Davids Cameron væru af svipuðum toga.

Spurður hvort Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra ætti að opinbera sínar skattaskýrslur segir Eiríkur að Bjarni sjálfur þurfi að gera það upp við sig.

„Hann verður að finna út úr því sjálfur. Og auðvitað er það spursmál hversu langt eigi að ganga í upplýsingagjöf um einkamálefni fólks. Það er greinilega komin upp krafa um að stjórnmalamenn opinberi upplýsingar í ríkari mæli heldur en ætlast er til af almenningi og það krefst alveg sérstakrar umræðu hversu langt við eigum að ganga í þeim efnum.“ stefanrafn@frettabladid.is

Jatsenjúk segir af sér

ÚKRAÍNA Arsení Jatsenjúk, forsætisráðherra Úkraínu, ætlar að segja af sér. Þetta tilkynnti Jatsenjúk á Twitter í gær og mun kynna úkraínska þinginu ákvörðun sína í dag. Petro Porosjenkó, forseti Úkraínu, bað Jatsenjúk um að hætta.

Hann kveðst ekki lengur treysta forsætisráðherranum.

Talið er að Volodímír Grojsman, forseti þingsins, muni taka við sem forsætisráðherra en hann var tilnefndur af flokki Porosjenkos.

– srs



ÍSLENSKA ÓPERAN

Kunstpása

HÁDEGISTÓNLEIKAR
TENÓRINN ER ALLTAF ÁSTFANGINN

ELMAR GILBERTSSON TENÓR
ANTONIA HEVESI PÍANÓLEIKARI



Á efnisskránni eru nokkrar af fegurstu tenóraríum óperubókmenntanna.

Þriðjudag 12. apríl · kl. 12.15 · Norðurljósasal Hörpu
Aðgangseyrir: 1.500 kr.

Frítt inn fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn



Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
72% erlendra ferðamanna fara gullna hringinn

Í öllum fyrirtækjum er nauðsynlegt að geta gengið að fjölbreyttum lausnum sem styðja við reksturinn. Við leggjum mikið upp úr persónulegum tengslum og vandaðri þjónustu.



Vönduð fyrirtækjaþjónusta

Hjá fyrirtækjaþjónustu Landsbankans leggjum við okkur fram við að koma til móts við þarfir fyrirtækja. Við horfum fram á veginn þegar kemur að viðskiptasamböndum og störfum með fyrirtækjum á ólíkum vaxtarskeiðum.



Öflugar netlausnir

Netbanki fyrirtækja er upplýsingaveita sem eykur yfirsýn og auðveldar stjórnendum ákvarðanatöku. Við bjóðum upp á greinargóðar innheimtuskýrslur, beintengingu við bókhaldskerfi og kortalausnir sem einfalda innkaup.



Fjármögnun og eignastýring

Við bjóðum ýmsar gerðir rekstrarlána, fjármögnum tækjakost, veitum fjárfestingalán og aðstoðum við fjármögnun á verðbréfamarkaði. Við ávöxtum fé og bjóðum virka eignastýringu fyrir eignir fyrirtækisins.

Pantaðu viðtal hjá sérfræðingum okkar í síma 410 5000 eða sendu okkur tölvupóst á netfangið@landsbankinn.is.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 5000



Óheppni?

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það fylgja því oft blændnar tilfinningar að vera Íslendingur. Oft og tíðum erum við stolt af sögu okkar, menningu, listum og afreksfólki, að ógleymdri einstakri náttúru. Stolt af öllu þessu sem við með einum eða öðrum hætti eigum saman og deilum sem þjóð frá kynslóð til kynslóðar. Við berum höfuðið hátt með því að njóta saman þess besta sem við deilum sem þjóð.

Engin stétt kann betur að spila á þessa samkennd okkar og reynir eins mikið að nýta hana sér til framdráttar og stjórnmálastéttin. Þessi stétt sem hefur umfram aðrar smánað okkur og sundrað og það einmitt þegar sérhagsmunir eru hafðir að leiðarljósi á kostnað almannaheilla. Ég á þetta, ég má þetta, göluðu útrásarvíkingar í krafti sérhagsmuna og ofureigna og nú heyrst þetta kunnuglega gal frá pólitíkusum sem standa í þeirri fráleitu meiningu að lög og siðferði séu eitt og hið sama. Og í annað sinn á innan við áratug skömmumst við okkar sem þjóð á alþjóðlegum vettvangi. Skömmumst okkar fyrir vafasama gjörninga og veiklað siðferði lýðræðislega kjörinna fulltrúa. Fulltrúa sem telja sig eina þess umkomna að leiða okkur til hafnar í þeim ólgusjó sem sem nú gengur yfir íslenskt samfélag fyrir þeirra tilstilli. Þetta er augljóslega galið, svo ekki sé meira sagt.

En hvernig stendur á að við erum að nýju á innan við áratug búin að verða okkur til skammar, í veröld vestrænna ríkja að minnsta kosti? Það getur ekki verið tilviljun eða óheppni sem ræður því að svona er fyrir okkur komið. Þvert á móti. Málið er að stjórnmálamenningin einfaldlega endurspeglar siðmenningu þjóðarinnar. Endurspeglar ást okkar á sérhagsmunum og frændhygli. Þeim dæmalaust leiða ávana að telja allt regluverk og almennt siðferði öðrum ætlað en teygjanlegra þegar kemur að sérhagsmunum og vildarvinum.

Þessu þurfum við að breyta. Við þurfum að breyta viðhorfi okkar til samfélagsins og þeirrar sameiginlegu ábyrgðar sem við berum öll í lýðræðisríki. Að búa við lýðræði eru forréttindi í þjáðri veröld. Forréttindi sem fylgir ábyrgð á hverjum degi en ekki einungis á kjördögum. Til þess að axla þessa ábyrgð þurfum við að breyta viðhorfum okkar og gildum. Við þurfum að fara að bera virðingu fyrir menntun og huglægum gildum á borð við réttlætiskennd, sannleiksást og siðferði. Við þurfum að láta af öllu dekki við sérhagsmuni og óheftan rétt einstaklinga til þess að græða peninga með öllum tiltækum ráðum án tillits til afleiðinganna fyrir land og þjóð. Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð sem kjósendur og þegnar í lýðræðisríki með upplýstum og ábyrgum hætti.

Stjórnmálamenningin, sem hafa orðið uppvísir að sérhagsmunapólitík í krafti þekkingarleysis, búa við það einstaka tækifæri að geta gengið á undan með góðu fordæmi með því að láta eigin hagsmuni og völd vikja fyrir hagsmunum og velferð heildarinnar. Því ef það er eitthvað sem þessi þjóð þráir eru það stjórnmálamenn sem bera ábyrgð á gjörðum sínum svo við getum öll borð höfuðið hátt.



Það getur ekki verið tilviljun eða óheppni sem ræður því að svona er fyrir okkur komið.

Halldór



Frá degi til dags

Stigamenn

Gárungarnir gera það gjarnan að leik sínum að finna viðeigandi viðurnefni á ríkisstjórnir hverju sinni. Í upphafi kjörtímabilsins var það krónustjórnin eftir verslunarferð þeirra Bjarna Benediktssonar og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar í Krónuna í Mosfellsbæ. Eftir havari síðustu viku var það fyrsta hreina Wintrisstjórnin. Nú er ný ríkisstjórn tekin við og margir vilja halda sig við pitsustjórnina þar sem hún varð til yfir pitsu-áti sjálfstæðismanna. Þó eru margir sem vilja meina að mest viðeigandi nafnið á stjórnina sé stigamannastjórnin.

Róttækasta ríkisstjórnin

Ástandið í stjórnmálunum minnr að miklu leyti á ástandið í landinu fyrir hrun. Fjöldi fólks mótmælir daglega og ríkisstjórnin stendur hallandi fæti hvað traust varðar. Það sama er að gerast núna og fyrir hrun að Vinstri græn ná að sækja í sig veðrið þegar upplausnar-ástand skapast í samfélaginu. Samkvæmt könnun Maskínu fengi VG nærri 20 prósent ef koslið væri í dag, svipað var uppi á teningnum fyrir hrun. Fjöldmargir spá róttækri ríkisstjórn Pirata og VG en gleyma því hugsanlega að þegar að kemur að hugmyndum um forræðis-hyggju búa flokkarnir tveir hvor á sinni reikistjórninni. stefanrafn@frettabladid.is

Ný stjórnmál

Magnús Orri Schram
varabingmaður
Samfylkingar

Stjórnmálamenningin skrapaði botninn í síðustu viku en líklega eru betri tímar fram undan. Í fyrsta lagi er krafa almennings um breytingar skýr. Í öðru lagi held ég að ný stjórnarskrá muni hjálpa mikið til að taka íslensk stjórnmál uppá næsta stig. Hún verður táknað samfélagsáttmáli um ný vinnubrögð. Í þriðja lagi sýnist mér sífellt fleiri stjórnmálamenn vera að nálgast stjórnmálin með öðrum hætti en áður. Það verður áhugavert að sjá hvernig flokkur jafnaðarmanna bregst við þessum breytingum og hvort hann ætlar hann sér að verða hluti af nýrri stjórnmálamenningu.

Almenningur krefst breytinga

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að almenningur vill nýja gerð af stjórnmálum. Honum ofbýður tvöfeldnin, lítilsvirðing gagnvart siðareglum, blind flokkshollusta, valdafýsni og skortur á iðrun og yfirbót. Traust er í lágmarki vegna háttalags einstakra manna og meðvirkni félaganna.

Nútímastjórnmálamaður

Stjórnmálamaður eiga að vera auðmjúkir gagnvart ábyrgð sinni og tala af virðingu hver við annan. Starfa fyrir opnum tjöldum. Stjórnmálamaður má vidurkenna mistök. Hann stendur sterkari eftir. Stjórnmál eru ekki kappleikur þar sem allt snýst um að klekkja á andstæðingnum. Fólk er búið að fá nóg af slíku. Stjórnmál í sinni bestu mynd eru samtal og samvinnuverkefni þar sem rökræðan leiðir fram bestu niðurstöðuna. Í stjórnmálum á meirihluta að bera virðingu fyrir minnihluta. Ný stjórnmál eiga að leyfa þér að fagna góðum hugmyndum þótt þær komi frá öðrum. Það sýnir styrk en ekki veikleika. Fólk vill hugrakka stjórnmálamaður sem láta ekki blindast af flokkshollustu og foringjadyrkun.

Samfylkingin

Þar sem ég er í formannskjöri í Samfylkingunni langar mig að lokum að segja þetta: Ég vona að flokkur jafnaðarmanna eigi eftir að vera talsmaður þessara breytinga. Kyndilberi nýrra stjórnmála. Verða hluti af siðvæðingunni og umbótafl breytinga. Vera heiðarlegur gagnvart fólki og auðmjúkur gagnvart hlutverki sínu. Í fararbroddi samvinnustjórnmála. Það krefst hugrekklis, og endurmats á starfsemi og vinnulagi. En takist verkefnið, geta jafnaðarmenn gegnt veigamiklu hlutverki í nýjum stjórnmálum á Íslandi.

SÉRHÆFUM OKKUR Í ÞRIFUM FYRIR HÚSFÉLÖG

VÖNDUÐ VINNUBRÖGD

Húsfélagþjónustan ehf.
Sími 555-6855
www.husfelag.is • husfelag@husfelag.is

Panamaskurðurinn

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Þjóðin horfði gáttuð á Bjarna Benediktsson kynna nýja ríkisstjórn um daginn. Þetta er yfirleitt þrúður og elegant maður, sem lækkar röðina þegar honum rennur í skap, en þarna var hann allt í einu orðinn dreissugur og farinn að tala höstuglega til blaðamanna eins og hann væri að kveða niður óhlýðni undirsáta.

Gamla Ísland

Hann virtist ævareidur yfir því að blaðamenn skyldu ekki ganga fram hver af öðrum, knékrjúpa og kyssa hring hans. Sumir sögðu að þetta væri leikrit ætlað sjálfstæðismönnum sem dá víst svona fruntaskap og telja til marks um myndugleik; þrá svípuna.

Aðrir sögðu að úr því að Sigmundur Davíð væri á braut myndi Davíðspúkinn vera hlaupinn í Bjarna. Og nú þyrfti prest.

Og svo voru þau sem létu sér detta í hug að hann langaði aftur heim til Flórída, en eins og kunnugt er hefur hann dvalið langdvölum í þessari paradís bandarískra eftirlaunaþega og gamalmenna; sem er dálítið eins og að vera aðalspaðinn á Kópaskeri en vera alltaf fyrir sunnan hangandi öllum stundum á Hrafnistu í Hafnarfirði. Hann var eins og selstöðukaupmaðurinn kominn heim að vitja um eignir sínar, tukta til verslunarstjórnann og taka í lurginn á uppivöðslusómum óknyttapiltum áður en hann kæmist aftur heim.

Hann var að minnsta kosti afundinn og lét í veðri vaka að hann mætti eiginlega ekki vera að þessu; neynti þessu ekki. Hann var að kynna nýja ríkisstjórn. Þeir stóðu þarna tveir fulltrúar gamla Íslands og minntu okkur sigrihrósandi á að ekkert hefði breyst, ekkert ætti nokkru sinni að breytast; þungbúinn framsóknarbúi



og frekur sjálfstæðismaður. Við þjóðinni blasti tvíhöfða ásjóna valdsins; tveir karlmenn, fnæsandi af bræði yfir því að þurfa að svara spurningum og iðandi í skinninu eftir því að komast burt frá þessum volaða lýð sem þeir ráða yfir.

Árangur áfram, ekkert stopp

Og við Íslendingar höfðum fengið nýjan forsætisráðherra samkvæmt þeirri gamalgrónu hefð að menn fái hér því meiri völd sem þeir njóta minni tiltrúar almennings – eru það ekki þrjú prósent landsmanna sem treysta Sigurði Inga? Fyrir hvað stendur hinn nýi forsætisráðherra þjóðarinnar? Hver það um hann? Hvað vill hann?

Honum hefur tekist á undanföllum dögum að skera sig úr öðrum leiðtogum vestrænna lýðræðisríkja í einkennilega

afdráttarlausri málsvörn fyrir þá sem eiga eignir í skattaskjólum og stunda starfsemi úr slíkum skúmaskotum alþjóðlegs hagkerfis.

Þegar forsætisráðherra Íslands hittir sem sé ráðamenn heimsins að máli um þetta stóra hagsmunamál samfélaganna, og er spurður um stefnu Íslands gagnvart undanskotum auðmanna mun hann væntanlega segja að íslensk stjórnvöld geri ekki athugasemd við slíkt því að flóki sé að vera ríkur á Íslandi, og einhvers staðar verði peningarnir að vera.

Málið snýst samt ekki um hann og hans persónu. Ekki heldur um hina litríku persónu Sigmundar Davíðs, þó að heillandi sé; þetta snýst um stefnu núverandi ríkisstjórnar og það ískyggilega kapp sem talsmenn hennar og ráðherrar leggja á að „ljúka málum“, og eru jafnvel

farnir að hóta því að ekki verði kosið í haust eins og lofað var, nema nái fram að ganga mál ríkisstjórnarinnar. Hvaða mál? Afnáam hafta? Enn eru ekki öll kurl komin til grafar um aflandseyjatengsl og kröfueignir þeirra sérlegu trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar, og Sigmundar Davíðs sérstaklega, sem nú véla um afnáam hafta en það er full ástæða til tortrygni og kannski er þessi ríkisstjórn einmitt sú óheppilegasta sem hugsast getur til að hafa þar hönd í bagga. Við höfum enga sérstaka ástæðu til að trúa orðum ráðamanna en fulla ástæðu til að ætla að hagsmunir rekist á þarna, eins og þeir gerðu í tilviki Sigmundar Davíðs, sem enn lítur á forsætisráðherrann í sér og auðmanninn í sér sem tvo ólíka menn sem aldrei hafi hist.

Þetta snýst um stefnu. Árangur áfram, ekkert stopp. Ragnheiður Elín Árnadóttir, viðskipta- og iðnaðarráðherra, kynnti nú um helgina áform um að koma Landsneti í hendur einkaaðila, þannig að allur raforkuflutningur í landinu verði þá í eigu aflendinga/kröfuhafa/auðmanna. Þarna kann að minnsta kosti að vera feitan gölt að flá fyrir einhverja aflendinga, sem myndu fljótlega sjá til þess að hámarksarður yrði á starfseminni og jafnharðan komið fyrir í aflandinu góða, fjarri þessari veiðistöð hér.

Þetta er stefnan. En hann gín við valdastéttinni. Panamaskurðurinn sem opnaðist svo óvænt og skyndilega, þökk sé Jóhannesi Kr. Kristjánssyni og samverkafólki hans. Þessi skurður á eftir að vikka og breikka og kannski verður hann til þess að aflendingar missa hér ítök og fljóta burt á sínu eyðiskeri og mun þá sannast það sem segir í Njálu: Illt er að vera á ólandi alinn.



Þeir stóðu þarna tveir fulltrúar gamla Íslands og minntu okkur sigrihrósandi á að ekkert hefði breyst, ekkert ætti nokkru sinni að breytast.

Nýtt upphaf



Árni Páll
Árnason
alþingismaður
og formaður
Samfylkingarinnar.

Afturðir liðinnar viku hafa valdið straumhvörfum í íslenskum stjórnmálum. Ekkert er nú eins og áður. Almennungur og rannsóknir fjölmiðla hafa haft meiri áhrif en fordæmi eru fyrir og knúid fram afsögn forsætisráðherra og vilýrði um kosningar í haust.

Þessar breytingar valda flekaskilum á vettvangi stjórnmálanna. Við skynjum líklega öll að upp úr sorg og skömm getur risið von um nýjar lausnir. Ég er sjálfur sannfærður um að nú hafa skapast tækifæri til að ráðast í þá endurreisn efnahagslífs og stjórnmála sem okkur hefur ekki tekist hingað til.

Lítið breytt stjórnmal

Á fyrsta kjörtímabili eftir hrun skyggði glíman við hrun fjármálakerfisins á allt annað. Bráðaaðgerðir tókust vel, en við höfðum ekki tíma eða vinnufrið til að móta nýtt fjármálakerfi eða gera grundvallarbreytingar á efnahagsgerð og stjórnkerfi.

Eftir síðustu kosningar bjuggum við í stjórnarandstöðunni okkur undir langa stjórnartíð hinna gamla reyndu helmingaskiptaflokka og gerðum ráð fyrir að stjórnmála-barátta næstu ára myndi einkennast í besta falli af afmörkuðum breytingum til góðs. Grundvallarbreytingar þyrftu að biða betri tíma. Með samstilltu átaki náðum við þannig í samvinnu við verkalyðshreyfinguna að draga úr skattalækkunum á þá betur staðu og þrýsta á um aðgerðir í húsnæðismálum og svo náðum við á þingi að koma í veg fyrir gjöf á markríkvótanum og tilraunir til að festa

kvótakerfið í sessi. Ekkert benti til annars en að þetta yrði veruleiki okkar áfram fram að kosningum og að í þeim myndu stjórnarflokkarnir eiga hafa sterka stöðu vegna batnandi efnahags og geta boðið úrbætur, peningagjafir og skattalækkningar áhyggjulausir.

Gerum grundvallarbreytingar

En nú er allt breytt. Framundan eru kosningar og sitjandi stjórnarflokkarnir munu mæta til þeirra rúnir trausti. Umbótaöfl munu því nú hafa meiri möguleika á að móta verk-efnaskrá stjórnmálanna en nokkru sinni frá hrúni.

Það tækifæri þarf að nýta til grundvallarbreytinga. Á stjórnmálunum, á stjórnarskrá og á efnahagsmálum.

